

Svar

atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar um innflutning á lambakjöti frá Nýja-Sjálandi.

1. *Eru gerðar sömu kröfur um gæði og framleiðsluhætti nýsjálensks lambakjöts og innlends lambakjöts?*

Nýsjálenskt lambakjöt er flutt út til allra helstu markaða í heiminum, svo sem Asíu, Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Í gildi eru ákveðnir jafngildissamningar á milli Evrópusambandsins og Nýja-Sjálands um gagnkvæma viðurkenningu á framleiðsluferli á kjöti, þ.m.t. lambakjöti. Sérstök úttekt fór fram af hálfu eftirlitskerfis Evrópusambandsins í Nýja-Sjálandi áður en slíkir samningar voru gerðir. Þetta þýðir að Evrópusambandið telur að framleiðsluferlið í Nýja-Sjálandi uppfylli ákvæði matvælalöggjafar sambandsins á sama hátt og sambandið viðurkennir framleiðsluferlið á íslensku kjöti, sem þar af leiðandi er frjálst að flytja út til Evrópusambandslanda án hindrana að þessu leyti.

Matvælastofnun hefur ekki haft fjármuni til að fara og taka út framleiðsluferli í þeim löndum sem það flytur inn kjöt frá heldur styðst við erlendar eftirlitsstofnanir, svo sem í Evrópusambandinu og áður einnig í Bandaríkjunum, eða eins og segir í d-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins:

„d. Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrunum, sem afurðirnar eru af, hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum, viðurkenndum á Evrópska efnahags- svæðinu, ef um er að ræða vörur frá framleiðendum utan Evrópska efnahagssvæðisins.“

2. *Hvernig verður innflutt nýsjálenskt lambakjöt merkt og hvar verður það selt?*

Sé nýsjálenskt lambakjöt flutt inn er það merkt í samræmi við íslenska löggjöf um merkingu matvæla. Matvæli á að merkja samkvæmt reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla með áorðnum breytingum, en í 6. gr. reglugerðarinnar kemur fram hvaða merkingar skuli koma fram á matvælum. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra er ekki í aðstöðu til að tilgreina hvar slíkt kjöt yrði selt, en gerir ráð fyrir að það yrði í verslunum.

3. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að innlendir söluaðilar innflutta kjötsins, svo sem hótél, verslanir og veitingahús, verði skyldaðir til að greina neytendum frá uppruna þess?*

Reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla setur almennar reglur sem gilda hér á landi og setur kvaðir á fyrirtæki og söluaðila í þessu efni. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í 8. tölul. 6. gr. reglugerðarinnar segir að skylt sé að merkja matvæli með upplýsingum um uppruna eða framleiðsluland ef skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir neytendum.

